



Fundargerð 5. fundar framkvæmdaráðs SSA 20. desember 2018

Fundurinn var haldinn fimmtudaginn 20. desember í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum og hófst kl. 10:30.

Mættir voru framkvæmdaráðsmenn SSA: Einar Már Sigurðarson formaður, Gunnar Jónsson og Hildur Þórisdóttir. Verkefnastjóri svæðisskipulags, Skarphéðinn Smári Þórhallsson mætti undir lið 2 og framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir undir liðum 8.2 og 8.3. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir, ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Brothættar byggðir – staða verkefna.
2. Svæðisskipulag Austurlands.
3. Samstarf SSA og Austurbrúar.
4. Almenningsamgöngur.
5. Sóknaráætlun – Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.
6. Skipan fulltrúa í Minjaráð Austurlands.
7. Aðalfundur að vori og haustþing.
8. Önnur mál.

1. Brothættar byggðir – staða verkefna.

Verkefnastjóri segir frá stöðu verkefnanna. Breiðdalsverkefninu er að ljúka. Íbúafundur verður haldinn 22. janúar þar sem staðan verður tekin. Verkefnið Betri Borgarfjörður er farið ágætlega af stað. Úthlutað hefur verið styrkjum til 15 verkefna fyrir 7 milljónir. Verslun á Borgarfirði fékk 1 milljón í að efla verslun í strjálbýli árið 2018 í gegnum Byggðaáætlun. Framkvæmdaráð óskar eftir að verkefnastjóri Brothættra byggða kynni verkefnin á fundi þeirra.

2. Svæðisskipulag Austurlands.

Skarphéðinn Smári Þórhallsson verkefnastjóri sagði frá stöðu verkefnisins. Skipulagsstofnun hefur tekið verkefnalýsinguna til skoðunar og gert athugasemdir. Næst þarf að taka tillit til þeirra, sveitarfélögin þurfa að taka athugasemdirnar til umræðu og nefndin fer svo í að vinna út frá athugasemdunum. Skoða þarf hvort kaupa eigi vinnu við verkefnið. Vonast verður til að starfið hefjist aftur seinni partinn í janúar. Óskað verður eftir staðfestingu Skipulagsstofnunar um að veikindi verkefnastjóra hafi ekki áhrif á stöðu verkefnisins við stofnunina og Skipulagssjóð.

3. Samstarf SSA og Austurbrúar.



Farið var yfir tillögur starfsháttanefndar Austurbrúar sem unnar voru út frá ályktun aðalfundar SSA um samstarfið. Tillögurnar voru ræddar. Þær verða sendar stjórnarmönnum SSA og teknar til afgreiðslu á fundi stjórnar.

4. Almenningsamgöngur.

Formaður segir frá því að samningur við Vegagerðina um almenningsamgöngur fyrir árið 2019 liggja fyrir. Hann undirritaði samninginn.

5. Sóknaráætlun – Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Alls bárust 116 umsóknir í Uppbyggingarsjóð Austurlands. Fagrað eru tekin til við yfirllestur. Úthlutun verður mánudaginn 28. janúar kl. 17 á Egilsstöðum. Framkvæmdaráð óskar eftir sundurgreiningu umsýslukostnaðar sóknaráætlunar.

6. Skipan fulltrúa í Minjaráð Austurlands.

Samþykkt var að Skúli Björn Gunnarsson verði aðalfulltrúi SSA í Minjaráði Austurlands og Rannveig Þórhallsdóttir varafultrúi.

7. Aðalfundur að vori og haustþing.

Rætt er um skiptingu efnis á milli aðalfundar að vori og haustþings.

8. Önnur mál.

8.1 Framkvæmdaráð SSA mun sitja með samgöngunefnd SSA á fundi með forstjóra Vegagerðarinnar.

8.2 Verkefnastjóra er falið að taka saman starfshópa SSA og gefa yfirlit yfir vinnu þeirra og fundi.

8.3 Erindi frá Eyþingi varðandi framtíðarskipan úrgangsmála og hugsanlega samvinnu lagt fram til kynningar. Eyþing býður fulltrúum SSA til fundar 21. janúar 2019.

8.4 Framkvæmdastjóri Austurbrúar kynnir ráðstefnu og vinnustofu sem haldin verður í Hveragerði 22. og 23. janúar 2019 og ber heitið Samtal um stefnur ríkisins í landshlutum. Markmiðið er að ná heildstæðari árangri með samtali og vangaveltum um stefnur ríkisins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir
